

Skipulagt peningabvætti

Professional Money Laundering (PML)

Skipulagt peningabvætti er ein tegund peningabvættis sem felur í sér aðkomu þriðja aðila. Megin-einkenni PML er að þvættið er framkvæmt sem þjónusta gegn greiðslu umboðslauna, gjalds eða annarrar umbunar.

Um þrjá meginflokka geranda er að ræða og getur skipulagt peningabvætti fallið undir eftirfarandi flokka:

- einstaklinga
- samtök/félög
- net einstaklinga eða samtaka sem stunda skipulagt peningabvætti

Einstaklingur sem stunda skipulagt peningabvætti býr yfir sérstakri færni eða sérþekkingu í að koma fjármunum fyrir, færa þá til og þvætta þá. Viðkomandi sérhæfir sig í að útvega þjónustu við peningabvætti sem getur verið veitt á meðan þeir sinna annars lögmætri starfsemi. Þessi þjónusta kann að felast í en takmarkast ekki við eftirfarandi: Bókhaldsþjónustu, fjármála- eða lögfræðiráðgjöf og stofnun félaga og fjárvörslusjóða.

Samtök/félög sem stunda skipulagt peningabvætti (e. Professional Money Laundering Organization, eða „PMLO“) samanstanda af tveimur eða fleiri einstaklingum sem mynda sjálfstæðan og skipulagðan hóp sem sérhæfir sig í að veita þjónustu eða ráðleggingar um peningabvætti til afbrotamanna eða annarra brotahópa (e. Organized Crime Groups, OCG). Peningabvætti getur verið helsta starfsemi samtakanna, en ekki endilega sú eina. Flest samtök sem stunda skipulagt peningabvætti hafa stígskipt stjórnkerfi þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á verkefnum á sínu sérsviði í peningabvættisferlinu.

Net einstaklinga eða samtaka sem stunda skipulagt peningabvætti (e. Professional Money Laundering Network, PMLN) er hópur aðila eða tengiliða sem saman leggja á ráðin um peningabvætti og/eða selja þjónustu sína út fyrir einstök verkefni. Slík net starfa venjulega á heimsvísu og geta samastaðið af tveimur eða fleiri samtökum sem stunda skipulagt peningabvætti. Þau geta einnig starfað sem óformleg kerfi einstaklinga sem veita aðilum ýmis konar þjónustu varðandi peningabvætti. Þessi félagslegu tengsl aðila eru ekki alltaf skipulögð og eru iðulega sveigjanleg.

Skipulagt peningabvætti

Professional Money Laundering (PML)

UMBOÐSLAUN/ÞÓKNANIR

Margir ólíkir þættir hafa áhrif á þóknanir sem einstaklingum eru greiddar fyrir þjónustu við skipulagt peningabvætti. Þóknunin getur farið eftir því hve ráðagerðin er flókin, hvaða aðferðir eru notaðar og þekkingu á frumbrotinu. Fjárhæðir þóknana geta jafnframt breyst í samræmi við þá áhættu sem aðilar taka á sig. Til dæmis geta fjárhæðirnar tekið mið af þeim löndum eða svæðum þar sem áætlunin er framkvæmd ásamt öðrum þáttum, s.s.:

- Orðspori þess sem í hlut á;
- Heildarupphæð þeirra fjármuna sem á að þvætta;
- Tilgreint verðgildi peningaseðla (ef um reiðufé er að ræða);
- Tímafresti sem viðskiptamaðurinn setur flutningi, eða leyndarráðstöfun (til dæmis ef framkvæma þarf peningabvætti á stuttum tíma myndi þóknunin vera hærri);
- Nýjum reglum eða aðgerðum löggæsluaðila

Til að tryggja greiðslu þóknunar kunna aðilar sem stunda peningabvætti að fá greitt:

- í reiðufé fyrirfram,
- með því að flytja hluta af fénu sem er þvættað inn á eigin reikninga eða,
- með því að fella umboðslaun inn í viðskiptin.

AUGLÝSINGAR/MARKAÐSSETNING

Auglýsingar og markaðssetning á þjónustu getur farið fram með mismunandi hætti. Iðulega felst þetta í að PML markaðssetja þjónustu sína með „umtali“ (í gegnum óformlegt net afbrotamanna). Sambönd og traust sem áður hefur byggst upp í brotastarfsemi aðila styrkir tengsl og getur stuðlað að frekara samstarfi á þessu sviði. Stjórnvöld hafa einnig greint notkun auglýsinga á peningabvættisþjónustu á huldunetinu (e. „darkweb“).

SKRÁNING OG VARÐVEISLA GAGNA („SKUGGABÓKHOLD“)

Löggæsluaðilar hafa greint frá því að PML haldi iðulega falið bókhaldskerfi sem inniheldur nákvæmar færslur með dulkóðuðum nöfnum. Þessi sérstöku bókhaldskerfi geta nýtt sér nákvæma töflu-reikna sem fylgjast með viðskiptavinum (með dulkóðuðum nöfnum); fjármunum sem þvættaðir eru; uppruna og áfangastað fjármuna sem eru færðir til; dagsetningum sem málið varða og þegin umboðslaun. PML geta annað hvort geymt skrár sínar rafrænt (t.d. í excel-skrá sem er varin af lykil-

Skipulagt peningabætti

Professional Money Laundering (PML)

orði) eða notað bókhald á pappír. Þessar skrár eru ómetanleg hjálp fyrir rannsakendur.

HLUTVERK OG AÐGERÐIR

PML geta haft margvísleg hlutverk og sinnt mismunandi aðgerðum. Allt eftir tegund PML, getur einstaklingur á sama tíma haft sérhæft eða margþætt hlutverk.

Mikilvægt er að skilja neðangreind hlutverk til að bera kennsl á þátttakendur og tryggja að viðkomandi þættir í starfsemi PML séu greindir, hún trufluð og að endingu stöðvuð.

Stjórn: Einstaklingar sem sjá um almenna forystu og stefnumótun hópsins og eru ábyrgir fyrir skipulagi og ákvarðanatöku. Stjórn á peningabættisaðgerðum hópsins er venjulega í höndum leiðtoga hans en hún getur einnig verið á hendi annarra einstaklinga sem eru ábyrgir fyrir að sinna fjármununum frá þeim tíma sem þeim er safnað frá viðskiptamönnum þar til afhending fer fram (þ.e.a.s. sjá um að safna saman og skipuleggja afhendingu reiðufjár á tilteknum áfangastað). Þessir einstaklingar eru einnig ábyrgir fyrir að ákveða þóknun sem farið er fram á og greiða laun til annarra fyrir þjónustu þeirra.

Kynning og auglýsingar: Einstaklingar ábyrgir fyrir að koma viðskiptamönnum í samband við PMLO og sjá um samskipti við viðskiptamenn úr hópi brotamanna. Þetta á við um stjórnendur sem eru ábyrgir fyrir að koma á og viðhalda tengslum við aðrar sem starfa við það sama innanlands eða utan. Með því að nýta sér þessi tengsl fær PMLO aðgang að innviðum sem aðrir PML hafa þegar byggt upp.

Innviðir: Einstaklingar ábyrgir fyrir að koma upp innviðum og leiðum til að þvætta fé. Þetta getur falist í að stofna fyrirtæki, opna bankareikninga og komast yfir greiðslukort. Þessir aðilar kunna einnig að stýra kerfi skráningaraðila sem finna og fá til lags við sig tilnefnda aðila (e. nominee) til að skrá sýndarfélög fyrir hönd viðskiptamanns, taka við innskráningum/lykilorðum í netbönkum og kaupa SIM-kort fyrir farsímafjarskipti.

Eitt dæmi um að viðhalda starfsemi er það hlutverk að útvega *svokölluð peningaburðardýr*, vera ábyrgur fyrir ráðningum t.d. gegnum starfsauglýsingar og með persónulegri kynningu) stýra og sjá um greiðslur á launum til burðardýra.

Skipulagt peningabætti

Professional Money Laundering (PML)

Umsjón með gögnum: Einstaklingar geta verið ábyrgir fyrir að útbúa gögn sem nauðsynleg eru til að auðvelda peningabætti. Í því getur falist að útbúa eða komast yfir sviksamleg gögn, þar með talin fölsuð auðkenni, bankareikninga og ársreikninga, reikninga fyrir vörur og þjónustu, ráðgjafarþjónustu, skuldabréf og lán, falskar ferilskrár og meðmælubréf.

Umsjón með flutningum: Einstaklingar ábyrgir fyrir að taka við og áframsenda vörur, annað hvort á alþjóðavísu eða á innlendum markaði, útbúa tollskýrslur og sjá um samskipti við flutningsaðila og tollmiðlara. Þetta hlutverk er sérstaklega mikilvægt þegar peningabætti fer fram í vöru- og þjónustuviðskiptum (e. Trade-based Money Laundering, hér eftir „TBML“).

Fjárfesting og kaup á eignum: Nauðsynlegt getur verið að fjárfesta í fasteignum og ökutækjum eða öðrum eignum svo sem eðalsteinum, listaverkum og lúxusvarningi til að koma illa fengnu fé í umferð. Brotamenn leita aðstoðar við að kaupa fasteignir erlendis og þekkt eru dæmi þess að PML noti flókin kerfi skúffufélaga t.d. með þátttöku lögmanna til að auðvelda slíkt.

Söfnun: Einstaklingar ábyrgir fyrir að safna ólögðum fjármunum og koma þeim inn í fjármála-kerfið sem fyrsta skrefi í peningabættisferlinu. Í ljósi þess að þeir eru andlit ferlisins eru þetta þeir einstaklingar sem mestar líkur eru á að löggæsluaðilar geti borið kennsl á. Oft skilja þeir ekki eftir sig rekjanlega skjalaslóð og geta komið ólögðum fjármunum í felur með því að nota fjármunina í viðskiptum þar sem reiðufé leikur stórt hlutverk. Þessir einstaklingar eru meðvitaðir um hlutverk sitt í að þvætta afrakstur af brotastarfsemi (samanborið við sum peningaburðardýr sem eru þátttakendur í PML kerfi án þess að gera sér grein fyrir því).

Flutningar: Þessir einstaklingar eru ábyrgir fyrir að flytja fjármuni frá einum stað til annars, án tillits til þess hvaða aðferð er notað til að flytja fjármunina. Þeir taka við fé og meðhöndla það annað hvort með því að notfæra sér hefðbundna bankaþjónustu eða peningasendingar (*Money or Value Transfer Services, hér eftir „MTVS“*) og eru einnig oft ábyrgir fyrir að taka út fjármuni og þeim gjald-eyrisviðskiptum sem fylgja í kjölfarið

Skipulagt peningabvætti

Professional Money Laundering (PML)

Ráðagerðir sem notaðar eru fyrir skipulagt peningabvætti eru almennt í þremur stigum:

I. stig: Ágóði af afbrotastarfsemi er færður til eða er safnað saman af aðilum sem skipuleggja peningabvættið. Á fyrsta stiginu eru fjármunir fluttir til PML eða aðila sem starfa fyrir þeirra hönd. Leið fjármagnsins er breytileg eftir gerð frumbrotanna og að öðru leyti út frá því hvernig hinn ólög-mæti ávinningur myndaðist (getur t.d. verið reiðufé, bankareikningar, sýndarfé o.s.frv.)

Reiðufé: Þegar ólögmaetum fjármunum er komið í umferð er þeim komið til aðila sem safnar saman reiðufé. Þessi aðili getur að endingu lagt reiðuféð inn á bankareikninga. Hann getur einnig fært féð inn í fjármálakerfið í gegnum starfsemi eða rekstur þar sem reiðufé er algengt, peningasendingar, spilavíti eða með því að flytja sjálfur reiðuféð til annars svæðis eða lands.

Bankareikningar: Sumar gerðir brotastarfsemi mynda ólögmaetan ávinning sem geymdur er á bankareikningum, til dæmis fjársvik, fjárdrátt eða skattabrot. Ólíkt ávinnings af fíkniefnabrotum er ávinningur af þessum brotum sjaldan reiðufé en getur að endingu birst sem reiðufé eftir peninga-bvættið. Einstaklingar stofna oft félag og opna bankareikninga undir nafni þess í þeim tilgangi að þvætta fé. Þessir reikningar eru svo notaðir til að flytja féð til félaga sem er stjórnað af PLM.

Sýndarfé: Brotamenn sem afla ávinnings í formi sýndarfés á borð við Bitcoin (t.d. eigendur ólöglegra verslana á veraldarvefnum þar með talið á huldunetinu „dark web“) þurfa að vera með stafræn veski eða slóð sem PML hafa aðgang að.

II stig: Einangrun ávinnings frá frumbroti. Á einangrunarstiginu notar meirihluti PML tiltekna upp-gjörsaðferðir í þeim tilgangi að draga úr rekjanleika fjármuna. Samsetning ólíkra peningabvættisleiða kunna að vera notaðar sem hluti sömu ráðagerðar. Aðgerðum á einangrunarstiginu er stýrt af einstaklingum sem hafa það hlutverk að samræma fjármagnsfærslur og greiðslur.

Reiðufé: Ef ólögmaetur ávinningur er í formi reiðufjár er það gjarnan þvættað í gegnum eftirfarandi leiðir: vöru- eða þjónustuviðskipti og sýndargerninga; viðskiptum með reikninga og undirheima-bankastarfsemi.

Bankareikningar: Fjármunir sem fluttir eru inn á bankareikninga undir stjórn PML eru í flestum tilfell-um fluttir eftir flóknum kerfum. Kerfin geta samanstáð af flókinni reikningakeðju skúffufélaga, innlendum og erlendum. Fjármunum frá mismunandi viðskiptamönnum er blandað saman inni á sömu reikningum sem gerir það erfiðara að rekja fjármuni frá tilteknum viðskiptamanni.

Sýndarfé: Einstaklingar sem stunda netglæpi eða svik sem byggjast á tölvunotkun, s.s. sölu á ólög-

Skipulagt peningabætti

Professional Money Laundering (PML)

legum varningi í netverslunum, nýta sér iðulega net peningaburðardýra. Ávinningur slíkra brota er oft varðveittur í formi sýndarfjár og er geymdur í stafrænum veskjum og fer í gegnum flóknar færslukeðjur.

III.stig: Þvættaðir fjármunir eru sendir til baka til viðskiptamanna til fjárfestinga eða kaupa á eignum. Á síðasta stiginu eru fjármunir fluttir inn á reikninga sem eru undir stjórn viðskiptamanna PML, náninna samstarfsmanna eða þriðju aðila sem vinna fyrir þeirra hönd eða hönd tengdra lögaðila. PML gæti fjárfest í ólöglegum afrakstri fyrir hönd þessara viðskiptavina með kaupum á fasteignum, lúxusvarningi eða fyrirtækjum erlendis (eða, í sumum tilfellum, í löndum þangað sem fjármunirnir eiga uppruna sinn að rekja). Einnig er hægt að eyða fénu í afhendingu á varningi til þess lands sem fjármunirnir koma frá eða til þriðja lands.

Þessi samantekt er gerð af Egmont Group sem er alþjóðlegur samstarfsvettvangur skrifstofa um allan heim sem taka á móti tilkynningum um hugsanlegt peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilgangur samvinnunnar er að stuðla að aukinni alþjóðasamvinnu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Yfir 150 skrifstofur í jafnmörgum löndum eiga aðild að Egmont. Nánari upplýsingar um Egmont eru á vefsvæðinu: www.egmontgroup.org

Þessari samantekt er ætlað að auðvelda stjórnvöldum og tilkynningaskyldum aðilum að greina, rannsaka og tilkynna um skipulagt peningabætti (e. Professional Money Laundering, hér eftir „PML“).

Skipulagt peningabætti

Professional Money Laundering (PML)

RAUÐ FLÖGG

- Millifærslur í gegnum mismunandi bankareikninga eru gerðar frá sömu IP tölunni;
- Mismunandi landfræðileg staðsetning félaga, bankareikninga, eigenda og framkvæmdastjóra þrátt fyrir að reikningunum sé stjórnað frá sömu IP tölunni.
- Einstaklingur eða félag stofnar og hefur umsjón með mörgum bankareikningum með samræmdum hætti.
- Tilteknar færslur fjármagns gegnum bankareikninga félaga t.d. bankareikningar félaga eru notaðir til að taka við fjármunum, flytja þá strax annað og staða reikningsins við lok dags er á núlli.
- Reglulegur flutningur fjármuna yfir landamæri um reikninga skúffufélaga sem tengist lána-samningum og greiðslum fyrir þjónustu.
- Fjármunir fluttir erlendis til að kaupa varning sem er aldrei sendur eða veitt viðtaka.
- Greiðslur fyrir fasteignir og aðrar mjög verðmætar eignir eru framkvæmdar af skúffufyrirtækjum.
- Greiðslur fyrir vörur sem eru afhentar til þriðju landa eru framkvæmdar af skúffufyrirtækjum sem ekki eru aðilar að samningi.
- Bankareikningar í einni lögsögu sem eru í eigu félaga í annarri lögsögu með raunverulega eigendur í þriðju lögsögunni eru notaðir til að greiða fyrir eða taka á móti færslum fyrir vörum eða þjónustu þar sem þeir eru ótengdir félögum sem senda eða taka við yfirfærslunni eða viðskiptunum sem færslan er gerð fyrir.
- Umtalsverður fjöldi tilkynninga vegna grunsamlegra færslna vegna sömu lögaðila sem eru skráðir innan sama þjónustuaðila fyrir sjóði og fyrirtæki (e. Trust or Company Service Providers eða „TCSP“) eða sem eru með sömu hluthafa eða stjórnendur til málamynda (e. nominal shareholder, nominal director).
- Úttektir eða innlagnir á reiðufé út af eða inn á marga bankareikninga eru framkvæmdar kerfisbundið í sömu hraðbönkum (ef úttektir eða innlagnir á reiðufé með mismunandi kortum gerast með mjög stuttum millibilum þá bendir það til þess að þessum færslum sé stjórnað af sama aðila).
- Félögin sem taka þátt eru skráð á eitt eða fleiri „sýndar“-póstföngum, þjónustu-veitendum sem geta verið t.d. lögmenn, lögfræðingar og aðrir.